

# FELLSMÖRK, STJÓRNARFUNDUR 6. MARS 2019

## FUNDARGERÐ

FUNDUR HALDINN AÐ HLÍÐARGERÐI 23 Í REYKJAVÍK

### Stjórnarmenn mættir:

Einar Kristjánsson  
Einar Ragnar Sigurðsson  
Guðrún S. Ólafsdóttir  
Jóhanna Ólafsdóttir

### Stjórnarmenn forfallaðir:

Tryggvi Þórðarson  
Valdimar Reynisson

### Aðrir mættir:

Hallur Björgvinsson

Fundarritari á þessum fundi er

Einar Kristjánsson.

## 1. SKIPULAG PLÖNTUDAGS

Hefur breytt aðkoma SR einhver áhrif á plöntuúthlutun? Ekki er það vitað. Hallur upplýsti að plöntuframleiðendum hefði fækkað í landinu, en breytt eignarhald á Felli og Keldudal breytti engu um plöntuúthlutun.

Plöntupöntun: Sækja þarf um plöntuskammt. Í plöntunefndinni eru Valdimar og Jóhanna sem munu taka það að sér.

Tímasetning plöntudags: verður ákveðin á næsta stjórnarfundi. Rætt var um 22. eða 29. júní nk.

## 2. FRÉTTIR FRÁ SR

SR var tilkynnt síðastliðið haust um okkar fulltrúa (Einar Ragnar og Valdimar) vegna samráðs um skipulag málefna Fellsmerkur eftir kaup SR á svæðinu. Helgi Gíslason framkvæmdastjóri SR hafði samband við ERS í lok árs 2018 og þá var gert ráð fyrir að fulltrúar okkar myndu hitta starfshóp SR vegna Fellsmerkur fljótlega (öðrum hvoru megin við áramót). Ekkert meira hefur heyrst. Hallur upplýsti að starfshópur SR vegna Fellsmerkur hafi fundað tvisvar, en Hallur Björgvinsson situr í honum sem stjórnarmaður í SR og hefur sent hópnum upplýsingar vegna starfsemi Fellsmerkurfélagsins. Fulltrúar Fellsmerkurfélagsins hafa ekki komið saman enn með formlegum hætti, en ætla að hittast í næstu viku og þá fara í það sem var ákveðið á síðasta stjórnarfundi. Gert er ráð fyrir að fulltrúar okkar hitti starfshóp SR. Nokkur umræða var um þennan lið á fundinum.

## 3. STAÐA MÁLA Á VEGUM, GIRÐINGUM OG ÖÐRU SLÍKU FYRIR NÆSTA SUMAR

Ætlunin var að ERS hefði samband við SR um hvað SR hugsi sér varðandi viðhald vega og girðinga og að ERS komi því á framfæri hvað félag landnema telur vera nauðsynlegt í þeim efnum. ERS mun hafa samband við Helga framkvæmdastjóra SR vegna framkvæmda sumarið 2019.

- Svæðið verði fjárlaust. Það hefur verið sívaxandi sauðfjarganga í Fellsmörk síðustu ár. Þetta á einkum við um Keldudal. Kindur hafa einnig sést á sæðinu vestan Fellsins.
- Laga Gilbrautina sem var til mikilla vandræða síðasta sumar.
- Aðrar brautir? Spurning um Hólsbraut. Aðrar brautir virðast í þokkalegu ástandi.
- Önnur vandamál?

## 4. UNDIRBÚNINGUR FYRIR AÐALFUND

Tímasetning: lagt til að aðalfundur félags okkar verði haldinn 15. maí eins og í fyrra.

Fundarstjóri: Stungið var upp á Magnúsi J.

Erindi: Hugmynd kom fram að fá Martein lögfræðing, sem unnið hefur fyrir SR og er fróður um sögu jarðarinnar Fells, til að halda erindi.

Veitingar: ekki var fjallað um þennan lið.

## 5. NÆSTI FUNDUR

Tillaga ERS um að halda næsta stjórnarfund, helst fyrir páska. Ákveða þarf tímasetningu og hvar eigi að halda fundinn. ERS formaður mun skoða þetta. Uppástunga um 8. til 11. apríl, hugsanlega þann tíunda og þá hjá Guðrúnu Ó.

Þess ber að geta að lokum að í upphafi fundarins upplýsti Hallur fundarmenn um að ekkert yrði úr því að eignarhald ríkisins á jörðinni Felli verði vefengt til lengdar af hálfu sýslumannsins á Suðurlandi, sem neitaði í fyrstu að þinglýsa kaupsamningi SR og ríkisins vegna Fells, en sýslumaður fór fram á að ríkið legði fram, vegna þinglýsingarinnar, skjöl sem sönnuðu eignarhald þess á Felli. Verið er að ganga frá skjölum vegna þessa og lítur því út fyrir að fyrirnefndum kaupsamningi verði þinglýst.

Fundi slitið klukkan tíu. Einar Kristjánsson